

Kirkjuþing 2020-2021.

19. mál - þskj. 19.

## T I L L A G A

**að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum.**  
(Lagt fyrir 60. kirkjuþing 2020-2021).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „val og veitingu prestsembættis“ í heiti starfsreglnanna kemur: ráðningu í prestsstörf og starfslok.

2. gr.

1. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Biskup Íslands ræður í störf sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar. Prestar eru almennt ráðnir til starfa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti.

Ef starfsfólk er ráðið tímabundið skal tekið fram í ráðningarsamningi að segja megi slíkum samningi upp af hálfu hvors aðila um sig áður en ráðning fellur sjálfkrafa úr gildi við lok samningstíma.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. starfsreglnanna:

a. Í stað orðsins „embættis“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: prestsstarfs.

b. Í stað orðsins „embætti“ í 1. tölul. 3. málsl. 2. mgr. kemur: starf.

4. gr.

3. gr. starfsreglnanna orðist svo, ásamt fyrirsögn:

*Auglýsing um laust prestsstarf.*

Biskup Íslands auglýsir laus prestsstörf. Laus prestsstörf skal auglýsa á vef kirkjunnar, [www.kirkjan.is](http://www.kirkjan.is) og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en tíu dagar frá birtingardegi.

Heimilt er, án auglýsingar, að flytja presta til í starfi, sbr. 4. mgr. 4. gr. starfsreglna þessara.

Heimilt er, án auglýsingar, að ráða tímabundið, allt að 12 mánuði í senn, í forföllum, til afmarkaðra verkefna eða meðan ekki hefur verið ráðið í starfið.

Við undirbúning auglýsingar skal tekið tillit til þarfagreiningar samkvæmt 2. gr. Í auglýsingu skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

1. Lýsing á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða starf sóknarprests eða prests.

2. Lýsing á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
3. Hvort lögð sé sérstök áhersla á hæfni umsækjenda til að sinna tilteknum þáttum prestsþjónustunnar.
4. Hvort prestsstarfið geri kröfu um sérstaka þekkingu eða reynslu svo sem af stjórnarstörfum.
5. Að matsnefnd fjalli um umsóknir samkvæmt starfsreglum þessum.
6. Frá hvaða tíma ráðið er í prestsstarfið, svo og til hve langs tíma, ef um tímabundna ráðningu er að ræða.
7. Að umsækjendur leggi fram prófskírteini og staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun. Einnig vottorð um aðra menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.
8. Upplýsingar um starfsferil og annað það sem umsækjendur telja nauðsynlegt að fram komi.
9. Umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða prestsstarfið.
10. Að umsækjandi skuli leggja fram sakavottorð.
11. Hvenær umsóknarfrestur um starfið renni út.
12. Hver veiti nánari upplýsingar um starfið, starfskjör, starfslýsingu og helstu lög og reglur sem um starfið gilda.
13. Hvort prestssetur fylgi prestsstarfinu.
14. Að sótt skuli um starfið á vef kirkjunnar.
15. Að heimilt sé að óska eftir almennum prestskosningum samkvæmt lögum nr. 78/1997.
16. Að skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Áður en biskup sendir umsóknir til meðferðar matsnefndar skal hann gæta þess að umsækjandi uppfylli skilyrði til skipunar, samkvæmt 38. gr. laga nr. 78/1997, þar með talið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, með síðari breytingum. Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að ráða hann til starfa.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- a) Barnaverndarlögum nr. 80/2002.
- b) Almennum hegningarlögum nr. 19/1940, þ.e. kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot, skv. 23. kafla og brot gegn frjálsræði manna, skv. 24. kafla alm. hgl. nr. 19/1940, að undanskildum minniháttar líkamsmeiðingum samkvæmt 217. gr.
- c) Lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. alm. hgl. nr. 19/1940, og hlotið refsidóm á fimm undangengnum árum.

Biskup skal afla og varðveita lista yfir þá sem eru atkvæðisbærir í prestakalli þegar auglýsing er birt.

5. gr.

4. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Tímabundin ráðning í prestsstarf og starfaskipti.*

Biskupi Íslands er heimilt að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda að ráða í prestsstarf án auglýsingar tímabundið, falli sá frá sem ráðinn eða skipaður hefur verið eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda, fæðingarorlofs eða af öðrum ástæðum.

Óski prestur/prestar heimildar til að skipta um starf við annan prest, getur biskup að fenginni umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda leyft tímabundið þau skipti, að hámarki í eitt ár. Engar bætur verða greiddar ef laun lækka við skiptin.

Biskupi er heimilt að flytja presta úr einu prestsstarfi í annað með samþykki viðkomandi sóknarnefnda eða héraðsnefnda, ef við á. Flytjist maður í annað prestsstarf sem er lægra launað en fyrra starfið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem uppsagnarfrestur er í fyrra prestsstarfinu.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. starfsreglnanna:

- a. Fyrirsögn orðast svo: *Matsnefnd um hæfni til prestsstarfs.*
- b. Í stað orðsins „prestsembætti“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: prestsstörf.
- c. Í stað orðsins „áheymarfulltrúum“ í 1. málsl. 6. mgr. kemur: tilkvöddum sérfræðingum.
- d. 3. málsl. 6. mgr. fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. starfsreglnanna:

- a. 2. mgr. fellur brott.
- b. Í stað orðsins „fjögurra“ í 9. mgr. kemur: sex.
- c. Í stað orðsins „embættinu“ í 11. mgr. kemur: starfinu.
- d. Í stað orðsins „kirkjumálasjóði“ í 19. mgr. kemur: biskupsstofu.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. starfsreglnanna:

- a. Á eftir 1. málsl. 6. mgr. kemur nýr málslíður sem orðast svo:

Prófasti er heimilt að fara þess á leit við biskup Íslands að löglærður ráðgjafi aðstoði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann taki þátt í undirbúningsfundi.

- b. Í stað orðsins „embætti“ í 9. mgr. kemur: starfi.

9. gr.

Í stað orðsins „prestsembætti“ í 8. og 10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna kemur í viðeigandi beygingarfalli: prestsstarf.

10. gr.

9. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Verkefni biskups við ráðningu til prestsstarfs.*

Að undangenginni auglýsingu og matsferli og kjöri ræður biskup Íslands þann umsækjanda í prestsstarf sem meiri hluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna.

Hafi enginn umsækjenda hlotið meiri hluta gildra atkvæða, miðað við fullskipaða kjörnefnd, er biskupi heimilt að ráða í starfið þann sem hann metur hæfastan, framlengja umsóknarfresti eða auglýsa prestsstarfið að nýju.

Hafni meiri hluti kjörmanna umsækjendum, með því að skila auðum kjörseðlum, er biskupi ekki heimilt að ráða í prestsstarfið. Skal þá starfið auglýst að nýju, sbr. 3. gr.

11. gr.

Í stað orðsins „skipar“ í 10. gr. starfsreglnanna kemur: ræður.

12. gr.

Í stað orðsins „skipar í embætti“ í 11. gr. starfsreglnanna kemur: ræður í störf.

13. gr.

Í stað orðanna „skipa ekki í embættið“ í 1. mgr. 12. gr. starfsreglnanna kemur: ráða ekki í starfið“.

14. gr.

Í stað orðsins „embætti“ í 1. másl. 1. mgr. 13. gr. kemur: starf.

15. gr.

21. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Ráðning kjörins umsækjanda.*

Ráða skal þann umsækjanda í prestsstarfið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn hlýtur bindandi kosningu getur biskup Íslands ráðið í prestsstarfið, úr hópi umsækjenda, þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða auglýst starfið að nýju.

16. gr.

Ný 22. gr. starfsreglnanna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Starfslok.*

Uppsögn ráðningarsamnings skal birta með sannanlegum hætti. Talin er nægileg birting að senda uppsögn á opinbert netfang biskupsstofu og netfang prests hjá kirkjunni. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir að lágmarki. Starfsmaður getur ávallt sagt upp starfi sínu með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Ráðning prests, sem ráðinn er tímabundið, fellur úr gildi við lok samningstíma án uppsagnar. Heimilt er að segja upp prest á tímabundinni ráðningu skv. uppsagnarákvæði í viðkomandi ráðningarsamningi. Uppsagnarfrestur er einn mánuður þegar um tímabundna ráðningu er að ræða.

Fastráðning presta fellur úr gildi, án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð.

Ef prestur hefur sýnt í starfi sínu óstundvísi eða aðra vanrækslu, óhlýðni við löglegt boð eða bann yfirboðara síns, vankunnáttu eða óvandvirkni í starfi, hefur ekki náð fullnægjandi árangri í starfi, hefur verið undir áhrifum vímuefna í starfi eða framkoma þess eða athafnir í því eða utan þess þykja að öðru leyti ámælisverðar skal hlutaðeigandi að jafnaði gefinn kostur á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur af þeim sökum. Það á þó ekki við ef um er að ræða trúnaðarbrest, alvarlegt trúnaðarbrot eða alvarlegt brot á lögum, reglum og samningum, sem ber að virða við rækslu starfa hjá kirkjunni.

17. gr.

22. og 23. gr. starfsreglnanna verða 23. og 24. gr.

18. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.

#### Greinargerð.

Starfsreglur um val og veitingu prestsembættu voru samþykktar á kirkjuþingi 2016. Fyrsta embættið sem auglýst var laust til umsóknar samkvæmt starfsreglunum var embætti prests í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra sem auglýst var í júlí 2016. Síðan hefur biskup skipað í alls 29 prestsembætti, þ.e. embætti sóknarpresta, presta og héraðspresta.

Fljótlega eftir að starfsreglurnar tóku gildi, og farið var að starfa eftir þeim, komu í ljós nokkrir hnökror á þeim sem leiðréttir voru á næstu kirkjuþingum. Breytingar þær sem nú eru lagðar til eru einnig minniháttar lagfæringar. Til dæmis hefur komið í ljós, séstaklega á þessu ári, þ.e. 2019, að tími sá sem matsnefnd hefur samkvæmt reglunum til að ljúka skýrslu um hæfni umsækjenda hefur í nokkrum tilvikum reynst of skammur.

Undanfarið ár hefur orðið mikil aukning á embættisveitingum og þar af leiðandi hafa störf matsnefndar aukist til muna. Einnig er nú lagt til að próföstum verði heimilt að óska eftir því að löglærður ráðgjafi aðstoði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann sitji undirbúningsfund. Starfsreglur um val og veitingu prestsembættu eru að mörgu leyti flóknar reglur, sérstaklega þau ákvæði sem fjalla um kjörnefndir og störf þeirra. Í eldri reglum um val og veitingu prestsembættu var kveðið á um að löglærður ráðgjafi væri valnefndum til aðstoðar. Slík ráðstöfun þótti gefast vel. Nú þykir rétt að leggja til hafa slíkt fyrirkomulag

valkvætt. Í sumum tilvikum eru störf kjörnefnda einföld og því ekki þörf á aðstoð. Undirbúningur kjörs getur þó í ýmsum tilvikum verið viðamikill og flókinn og því þykir rétt að gefa próföstum færi á að óska eftir aðstoð ef þeir svo kjósa.

Í tillögum þessum eru einnig settar eru fram tillögur að breyttum reglum um starfslok. Í fyrsta lagi er lagt til að sú regla starfsmannalaga haldist óbreytt að ráðning starfsfólks Þjóðkirkjunnar-Biskupsstofu, bæði vígðra og annarra, falli úr gildi án uppsagnar, frá og með næstu mánaðamótum eftir að 70 ára aldri er náð. Einnig er lagt til að í starfsreglurnar komi ákvæði starfsmannalaga um starfslok af öðrum ástæðum, eins og við getur átt. Í stað þess að um formlega áminningu sé að ræða þykir þó fara betur á því að orða það svo að starfsfólk skuli eiga þess kost að bæta ráð sitt. Þá þykir rétt að tiltekin háttsemi, sem greind er í tillögunni, geti leitt til uppsagnar án möguleika starfsmanns til að bæta ráð sitt, svo sem ef um er að ræða trúnaðarrest, alvarlegt trúnaðarbrott eða alvarlegt brott á lögum, reglum og samningum, sem ber að virða við rækslu starfa hjá kirkjunni.

Þeir prestar sem voru skipaðir til prestsembætta fyrir 1. janúar 2020, halda þeim réttindum og skyldum sem af skipun þeirra leiðir út skipunartímann. Um starfslok þeirra fer því eftir efnisákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996, þangað til skipunartíminn rennur út.

Ákveðið var, í samráði við forseta kirkjuþings, að fella efni 20. máls kirkjuþings 2019 inn í þessar tillögur. Eru tillögurnar í 20. máli því felldar inn í tillögur þessar. Af þeirri ástæðu hefur biskup, sem flytur 20. málið, hefur lýst því yfir að málið verði dregið til baka á framhaldsþingi 2019.

*Um einstakar greinar tillögunnar.*

Um 1. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 2. gr.

Þar sem prestar eru ekki lengur opinberir embættismenn sem fá skipun í embætti, heldur eru ráðnir til starfa með ráðningarsamningi, er nauðsynlegt að breyta orðalagi um fyrirkomulag ráðningarinnar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Prestsstörf eru ekki lengur auglýst í Lögbirtingablaði og auglýsingar eru ekki heldur birtar á starfatorgi eins og var, fram til síðustu áramóta. Talið er nægilegt er að auglýsingar birtist á vef kirkjunnar, kirkjan.is. Hefur sú framkvæmd verið viðhöfð frá og með síðustu áramótum. Þá er miðað við sama umsóknarfrest og ríkið hefur hvað varðar laus störf, enda miðlun upplýsinga í nútímanum miklu skilvirkari og umsóknir rafrænar. Áfram er gert ráð fyrir að heimilt sé að flytja presta til í starfi, eins og verið hefur og kveðið er á um í 4. mgr. 4.

gr. starfsreglna þessara. Þá er sömuleiðis gert ráð fyrir að ráða megi tímabundið allt að 12 mánuði í senn, í þeim tilvikum sem greinir í ákvæðinu. Er það í samræmi við þá framkvæmd sem tíðkast hefur lengi. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringa.

#### Um 5. gr.

Ákvæðið er samhljóða nógildandi 4. gr. starfsreglnanna, en orðalagi er breytt, sbr. skýringar í almennum inngangi greinargerðar þessarar.

#### 6. gr.

Með starfsreglum nr. 303/2017 var seturéttur áheyrnarfulltrúa á fundum matsnefndar felldur brott. Þá láðist að fella brott orðið „áheyrnarfulltrúar“ í 1. másl. 6. mgr. 5. gr. starfsreglnanna til samræmis við það. Lagt er til að sérfræðingar, sem heimilt er að kveðja til, sbr. 3. mgr. 5. gr starfsreglnanna beri þagnarskyldu eins og fulltrúar í matsnefnd.

Rétt þykir að fella brott úr ákvæðinu tilvísun í ákvæði stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 140/2012 um meðferð umsókna eftir því sem við á í ljósi lagabreytinga vegna viðbótarsamningsins.

#### Um 7. gr.

Lagt til að 2. mgr. 6. gr. starfsreglnanna falli brott sem mun þýða að starf matsnefndar kemur til með að breytast þannig að nefndinni verði ekki gert að gefa umsækjendum lokastig eftir mat sitt. Ástæða þessarar tillögu er í megin atriðum sú að slík formleg stigagjöf þjónar í raun ekki sjáanlegum tilgangi. Matsnefnd er ætlað að velja þá fjóra til fimm umsækjendur sem hún telur hæfasta og er kjörnefnd þar á eftir gert að kjósa einn úr þeirra röðum við lok síns mats. Kjörnefnd er þannig ekki bundin af stigagjöfinni. Hitt telst þó heppilegra og trúverðugra ef allir umsækjendur, sem eftir ítarlegt ferli matsnefndar hafa verið metnir hæfastir til að sinna starfinu, komi fyrir viðkomandi kjörnefnd á jafnréttisgrunni og að þannig hafi hver og einn jöfn tækifæri til að verða kosinn í starfið. Einnig skapar það fyllri grundvöll fyrir sjálfstætt mat kjörnefndar. Þá hefur reynslan einnig sýnt að það eru engan veginn alltaf þeir umsækjendur sem matsnefnd hefur gefið hæstu stigin sem á endanum eru kosnir í starfið. Þegar horft er til tímabilsins frá því að matsnefnd tók til starfa, eða árið 2016 og til dagsins í dag hefur hæsti umsækjandinn aðeins verið kjörinn í rúmlega 38% tilvika. Hins vegar er jafnframt ljóst að það að hafa verið metinn hæsti umsækjandinn af matsnefnd, en vera svo ekki kjörinn í starfið er til þess fallið að valda vonbrigðum og sárindum. Slíkt er hægt að forðast með því að allir þeir fjórir eða fimm umsækjendur sem matsnefnd hefur metið hæfasta komi jafnir að borði kjörnefndar.

Í öðru lagi er lagt er til að tími sá sem matsnefnd hefur til að vinna umsögn verði sex vikur í stað fjögurra. Í ljós hefur komið að matsnefnd er full þröngur stakkur búinn með nógildandi ráðstöfun og hefur í nokkrum tilvikum orðið að óska eftir fresti til að skila umsögn. Þá er lagt er til að biskupsstofa standi straum af kostnaði við störf matsnefndar. Eðlilegt þykir að það stjórnvald sem skipar nefnd eða stofnar til verkefna standi straum af kostnaði við þau

störf. Samkvæmt starfsreglunum er það biskup Íslands sem skipar matsnefnd til að meta hæfni umsækjenda um laus prestsembætti.

Um 8. gr.

Lagt er til að próföstum verði heimilt að óska eftir því að löglærður ráðgjafi aðstoði við undirbúning fundar kjörnefndar og að hann sitji undirbúningsfund. Í sumum tilvikum getur undirbúningur kjörs orðið viðamikill og flókinn og því þykir rétt að gefa próföstum færi á að óska eftir aðstoð.

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Þar sem prestar eru ekki lengur opinberir embættismenn sem fá skipun í embætti, heldur eru ráðnir til starfa með ráðningarsamningi, er nauðsynlegt að breyta orðalagi um fyrirkomulag ráðningarinnar. Að öðru leyti þarfnast ákvæðið ekki skýringa.

Um 11., 12., 13., 14. og 15. gr.

Ákvæðin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Vísað er til almennra athugasemda í greinargerð þessari um þetta ákvæði. Áréttað er að um starfslok þeirra presta sem höfðu skipun til starfans 31. desember 2019, gilda efnislega ákvæði starfsmannalaga, uns skipunartíma lýkur. Gert er ráð fyrir að samið verði um uppsagnarfrest í væntanlegum kjarasamningi presta við Þjóðkirkjuna-Biskupsstofu. Í þeim ráðningarsamningum sem gerðir hafa verið við presta frá 1. janúar 2020 í nýju starfsumhverfi er svofellt ákvæði um uppsagnarfresti:

Uppsagnarfrestur: Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur tímabundinna ráðningarsamninga er 1. mánuður.

Komi til uppsagnar, eftir a.m.k. 10 ára samfellt starf hjá Þjóðkirkjunni-Biskupsstofu er uppsagnarfrestur sem hér segir:

1. 4 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 55 ára
2. 5 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 60 ára.
3. 6 mánuðir ef starfsmaður er orðinn 63 ára.

Starfsmaður getur hins vegar sagt upp starfi sínu með 3 mánaða fyrirvara.

Er hér miðað við það sem almennt gildir í kjarasamningum BHM.

Um 17. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa



Um 18. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 2020.